

Vorþing Kvennalistans 29.-31. maí 1992.

EES-samningurinn og íslenskur landbúnaður.

Sjálfur EES-samningurinn nær ekki til landbúnaðar og sjávarútvegs, nema að litlu leyti, en yfirlýsingar fylgja um að síðar verði unnið að þeim málum og þá ekki síst í ljósti nýs GATT-samnings ef og þegar af honum verður.

Það er umdeilt hversu mikil áhrif EES-samningurinn muni hafa á landbúnaðinn. Ljóst er að breyta þarf 4 lagabálkum:

1. Jarðalögin, varðandi staðfesturétt útlendinga sem starfa sem launþegar í landbúnaði.
2. Afnema verður einkasölu á áburði.
3. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur. Þetta þýðir að aðrir en opinberir aðilar geti annast eftirlit með þessum vörum.
4. Innflutningur á landbúnaðarvörum.

Það er einkum 4. liðurinn sem er umdeildur, þar sem talsmenn íslenskra stjórnvalda túlka samninginn á þann veg að heimilt verði að setja jöfnunargjöld á þær vörur sem þar eru til umræðu (smjörlíki og súrðar mjólkurvörur). Samkvæmt samningnum verður ekki hægt að setja jöfnunargjöld þar sem þau hafa ekki verið fyrir, en talsmenn segja að innflutningsbann jafngildi gjöldum (?). Þetta er vægast sagt ótrygg túlkun.

Ekki er gert ráð fyrir frjálsum innflutningi á hefðbundnum íslenskum landbúnaðarvörum, en það kemur fram í samningnum að stefnt skuli að meira frjálsræði. Í samningnum segir:

"2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. 3. Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar sjá um að fram fari endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá".

Þeir bændur sem mest munu finna fyrir samningnum eru blóma- og grænmetisframleiðendur. Tollar verða felldir niður á innfluttum blómum og grænmeti, en fáar þeirra eru framleiddar hér á landi. Varðandi ákveðnar vörur verða tollar aðeins felldir niður sem hér segir:

afskorin blóm 1. des.-30. apríl,
tómatar 1. nóv.-15. mars,
salat og kálhausar 1. nóv. - 15. mars,
gúrkur og reitagúrkur 1. nóv.-15. mars,
ómulin papríka 1. nóv.-15. mars,
fryst ómulin papríka 1. nóv.-15.mars.

Ef íslenskir garðyrkjubændur vilja lengja framleiðslutímann frá því sem nú er geta þeir lent í samkeppni við innfluttar vörur.

EES-samningurinn gerir ráð fyrir frjálsri þjónustustarfsemi og atvinnurekstri á ákveðnum sviðum á svæðinu. Þetta gæti þýtt að þær þjónustustofnanir sem bændur eiga eða eiga hlut í eða annar rekstur t.d. hótél lendi í samkeppni en þessi þáttur hefur lítt verið ræddur eða kannaður enn sem komið er. Þá þarf að athuga betur þau ákvæði sem snúa að kaupum og sölu á landi.

Mennta og menningarmál.

Mennta- og menningarmál koma lítið við sögu í EES samningnum. Samvinna milli Evrópuríkja í þessum málaflokkum fer þó stöðugt vaxandi. Til fróðleiks má geta þess að ýmis samvinnuverkefni eru í gangi t.d. milli háskóla og eru Íslendingar aðilar að verkefnunum COMET og ERASMUS, þar sem um er að ræða nemendaskipti o.fl.

Innan EB er unnið að samræmingu á námsmati, nemendur eiga að geta farið á milli skóla innan bandalagsins og nemendur frá EB-löndum eiga að hafa forgang fram yfir aðra útlendinga í skólum EB-ríkja. Hvert land hefur enn síðasta orðið varðandi það hvað er kennt, en margt bendir til þess að verið sé að stýra öllu í einn farveg (þó að menn segi annað) enda hlýtur það að vera í samræmi við framtíðarstefnu EB.

Á sviði mennta- og menningarmála verða eftirfarandi lagabreytingar að eiga sér stað í kjölfar EES-samningsins:

1. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum ríkisborgara í ríkjum EB og EFTA.
2. Frjáls viðtaka sjónvarpsefnis. Afnema þarf hindranir á dreifingu sjónvarpssendinga frá öðrum samningsríkjum, m.a. þýðingarskyldu í beinum útsendingum. Endurskoða þarf ákvæði um eign útlendinga í útvarpsrekstri.
3. Höfundarlög þ.e. vernd tölvuforrita. Þessi lög voru samþykkt nú í vor og eru hið besta mál þar sem þau styrkja mjög rétt höfunda.

Fjármál – viðskipti – bankar og þjónusta.

Fjórfrælsið er lykillinn að innra markaði EB. Þar er átt við að flæði fjármagns, vöru, þjónustu og fólks skuli vera óhindrað innan svæðisins. Þessir þættir munu hafa nokkur áhrif á Íslandi. Hversu mikil áhrifin verða er erfitt um að segja, en ég hef litla trú á því að fjármagn eða fólk muni streyma til landsins meðan ekki er leyfilegt að fjárfesta í útgerð og orku. Það verður helst ferðamannþjónusta sem gæti freistað, enda miklir möguleikar þar á ferð. Hér verður að vara við því að í umræðunni um EES er látið sem að hið nýja hjálpræði sé fundið, EES á að bjarga öllum vandamálum Íslendinga, án þess að rökstutt sé hvernig, eða kannað hvort íslenskt atvinnulíf geti nýtt sé þá kosti sem bjóðast.

Í stuttu máli sagt þýðir EES-samningurinn að flytja má fjármagn, þjónustu og vörur óhindrað milli landa, auk þess sem fólk á að geta sótt vinnu hvar sem er á svæðinu. Þetta þýðir að nú geta erlendir aðilar fjárfest hér á landi í öllu nema því sem er undanskilið, en þar skiptir mestu sjávarútvegurinn í samræmi við íslensk lög og orkubúskapurinn. Síðan

fjallar samningurinn um alls kyns reglur sem eiga að tryggja frjálsa og sanngjarna samkeppni, skilgreiningar o.fl. Það væri að æra óstöðugan að telja hér upp allt það sem felst í EES-samningnum og snertir ofangreind svið. Ég vil vísa að öðru leyti í samninginn sjálfan og til bæklinga **Félags íslenskra iðnrekenda** þar sem vel er farið í gegnum öll helstu atriði samningsins, þó með þeim fyrirvara að þar er samningurinn túlkaður á nokkrum stöðum á þann hátt sem undirrituð er ekki sátt við. Þó er rétt að geta þess hér að þjónustubátturinn nær til flutninga í lofti, á legi og á láði, fjármagns- og bankþjónustu, tryggingastarfsemi, verðbréfavíðskipta og fjarskiptaþjónustu.

Til að gerfa nokkra hugmynd um hvað í vændum er má nefna þær lögabreytingar sem gera verður á þeim sviðum sem heyra undir fjármála- og víðskiptaráðuneyti:

Fella verður niður bifreiðagjald.

Breyta þarf lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Fella verður niður fjáröflunartolla.

Breyta þarf lögum um starfsskjör launþega og skyldutryggingu þeirra (vegna þeirra sem flytja til landsins).

Breyta þarf lögum um lífeyrissjóð sjómanna (frjálsir flutningar og vinna útlendinga)

Afnema verður höft á rétti til að veita þjónustu á sviði opinberra verksamninga o.fl.

Breyta þarf lögum um tekjuskatt og eignaskatt (vegna þeirra sem flytja á milli landa).

Breyta lögum um bókhald þ.e. samræming við EB-reglur.

Setja þarf nýja heildarlöggjöf um banka og sparisjóði til samræmis við EES-reglur.

Setja þarf nýja heildarlöggjöf um aðrar lánastofnanir og fjármálaþjónustu.

Setja þarf nýja heildarlöggjöf um verðbréfasjóði.

Setja þarf nýja heildarlöggjöf um verðbréfavískipti.

Setja þarf lög um kauphöll og kauphallarviðskipti.

Breyta þarf lögum um gjaldeyrisviðskipti vegna frjálsra fjármagnsflutninga.

Breyta þarf lögum um innflutning m.a. vegna flutnings á fjármagni.

Breyta þarf lögum um fjárfestingu útlendinga í atvinnurekstri.

Ný lög um mál, vog og faggildingu (hvers kyns mælingar).

Lög um öryggi framleiðsluvöru (eftirlit með matvælum o.fl.)

Ný samkeppnislög.

Lög um upplýsingaskyldu vegna lánveitinga (vernd neytenda).

Lög um húsgöngusölu.

Lög um hlutafélög.

Lög um samvinnufélög.

Breytingar á lögum vegna staðfestu erlendra ríkisborgara á Íslandi.

Þessu til viðbótar koma svo ótal reglugerðir sem þarf að breyta til samræmis við svið gildandi reglur EB.

Kristín Ástgeirsdóttir